



Til sambandsaðila ÍSÍ

Reykjavík, 24. október 2023

Efni: Formannafundur ÍSÍ 2023 – fyrra fundarboð

Ágætu félagar!

Hér með er boðað til Formannafundar ÍSÍ **föstudaginn 24. nóvember nk. kl. 15:30**. Fundurinn verður haldinn í Framheimilinu í Úlfarsárdal.

ÍSÍ mun standa fyrir kynningum/fræðslu þennan sama dag **frá kl. 13:30 – 15:00** á fundarstað. Sú dagskrá er í smíðum og verður kynnt með síðara fundarboði. Við hvetjum sambandsaðila til að taka þennan tíma einnig frá, ef þess er kostur.

Vakin er athygli á því að samkvæmt lögum ÍSÍ þá eru framkvæmdastjórar sambandsaðila, þar sem þeir eru til staðar, einnig boðaðir til Formannafundar ÍSÍ. Í forföllum formanna sambandsaðila ÍSÍ taka varaformenn sæti í þeirra stað, að öðrum kosti stjórnarmaður, samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar.

Sjá nánar um Formannafund ÍSÍ í [15. grein laga ÍSÍ](#):

Ferðakostnaður fundarmanna á Formannafund ÍSÍ greiðist af ÍSÍ.

Síðara fundarboð, sem inniheldur dagskrá fundarins og nánari upplýsingar, verður sent út a.m.k. tveimur vikum fyrir fundinn.

Að fundi loknum þá verður kvöldverður í boði ÍSÍ, á fundarstað. Við vonumst til að sem flestir fulltrúar á fundinum sjái sér þess fært að þiggja það boð.

Með kveðju,
ÍPÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS


Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri

